

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 29

1. árgangur

16.8.1994

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/29/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.493 - Tractebel/Distrigaz II).....	02
94/EES/29/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.496 - Marconi/Finmeccanica).....	03
	3. Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram

94/EES/29/01

(Mál nr. IV/M.493 - Tractebel/Distrigaz II)

1. Framkvæmdastjórninni barst 1.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Tractebel S.A., sem lýtur yfirlitum Compagnie de Suez S.A., fyrir tilstilli Société Générale de Belgique, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirlit yfir Distrigaz S.A., með því að kaupa hlutabréf sem áður voru í eigu belgíska ríkisins í þessu fyrirtæki fyrir tilstilli Société Nationale d'Investissement (SNI).
2. Í samningnum sem tilkynnt hefur verið um kemur fram að Distrigaz mun ekki frammar annast dreifingu jarðgass til orkuframleiðslu og mun lúta sameiginlegum yfirlitum Tractebel og belgíska ríkisins við sömu skilyrði og ríktu áður en til aðgerðarinnar kom.
3. Þessi tilkynning kemur í kjölfar fyrri tilkynningar frá 30. maí 1994 sem aðilar afturkölluðu 30. júní 1994 en samkvæmt henni öðlaðist Tractebel heildaryfirlit yfir starfsemi Distrigaz.
4. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Tractebel: orkuframleiðsla og -veita, kapalsjónvarp, vatnsveita, fasteignir, verkfræðistarfsemi o.s.frv.
 - Distrigaz: sér Belgíu fyrir jarðgasi.
5. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað þar til síðar.
6. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjórnartíðindunum (Stjttíð. EB nr. C 222, 10.8.1994). Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.493 - Tractebel/Distrigaz II, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30. 12. 1989; Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21. 9. 1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram**94/EES/29/02****(Mál nr. IV/M.496 - Marconi/Finmeccanica)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Marconi S.p.A., dótturfyrirtæki General Electronic Company plc í Breska konungsríkinu, og Finmeccanica S.p.A. á Ítalíu öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir fyrirtæki sem nýlega var stofnað og telst fyrirtæki um sameiginlegt verkefni en til þess verða ákveðnar eignatilfærslur frá móðurfyrirtækjunum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GEC: orkukerfi, fjarskipti, neytendavörur, skrifstofubúnaður og lækningatæki, rafeindakerfi og íhlutar auk atvinnutækja;
 - Finmeccanica: flugmál, geimvísindi, varnarmál og fjarskipti, orkuflutningar, sjálfstýribúnaður og kerfi til iðnaðarmota, sjúkdómsgreiningartækni og örtölvutækni;
 - Fyrirtæki um sameiginlegt verkefni: þráðlaus fjarskipti, virðisaukafjarskipti og upplýsingatæknikerfi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjórnartíðindunum (Stjtið. EB nr. C 223, 11.8.1994). Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.496 - Marconi/Finmeccanica, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30. 12. 1989; Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21. 9. 1990, bls. 13.